

Bandaríkin og þýðing íslensku þjóðarinnar

Hr. Kristján Halldórsson leifi-
skeytam. hefir sýnt mjer framtíðar.
ritling sem virðist vera eintak af
blaði eða tímariti sem heitir The
Kingdom News. Mun Kingdom
þar þýða guðsríki. Er þarna út-
varpserindi flutt af dr. John
Mattheus presti, og heitir „Why
America sends soldiers to Iceland“
(„Um ástæðuna til þess að Banda-
ríkin senda her til Íslands“). Þyk-
ir mjer það galli á erindi þessu,
að Adam Rutherford skuli þar
ekki vera nefndur, því að mjer
þykir mjög ólíklegt, að slíkt er-
indi hefði fram komið, ef ekki
væri til rit sem heitir „Iceland's
great inheritance“ (Hin mikla
arfleifð Íslands). En býsna fróð-
legt er að sjá, að einnig í Amer-
íku skuli, hjá völdugustu þjóð-
jarðarinnar, vera farið að tala um
hina litlu íslensku þjóð sem leið-
toga alls mannkyns til farsællar
framtíðar.

Komu guðsríkis kallar dr.
Mattheus það, og hyggur að fyrir
þessu sje spáð með þúsund ára
ríki Opinberunarbókarinnar. En
ekki hygg jeg það rjett vera. Í
Opinberun Jóhannesar er sagt frá
mjög merkilegum aldaskiftum, sem
þó mistókust, því að öðrum kosti
hefði farsæld sú sem fengin var,
reynst varanleg. En breyting sú
til hins betra lífs, sem nú er verið
að segja í hinum miklu lýðræðis-
löndum, að verða muni með for-
göngu hinnar litlu íslensku þjóð-
ar, gæti tekist þannig, að komist
yrði á örugga framfarabraut, og
aldrei yrði frammar um hrun og
hrap að ræða.

16. nóv.

Helgi Pjeturss.

Mbl. 24 des. 1941